

Björn Ágúst Björnsson er fæddur árið 1967 og starfar við áhættustýringu hjá Orkuveitu Reykjavíkur. Björn Ágúst er vélaverkfræðingur frá Háskóla Íslands og M.Sc. í áreiðanleikatækni frá Heriot-Watt University í Edinborg.
ann hefur á starfsferli sínum unnið við eignastýringu, áhættustýringu verkfræðiráðgjöf, flutningastýringu og unnið að uppbyggingu sprotafyrirtækis.

Björn Ágúst hefur fram að færa viðeigandi reynslu:

- Í tæp 9 ár starfaði hann við eignastýringu og hafði umsjón með erlendum og innlendum verðbréfasjóðum og framtakssjóðum.
- Síðustu 3 ár hefur hann starfað við áhættustýringu hjá Orkuveitu Reykjavíkur.
- Hann sat í stjórn Lífsverk frá árinu 2013 til 2014 og hefur frá þeim tíma setið í endurskoðunarnefnd sjóðsins.
- Hefur lokið prófi í verðbréfaviðskiptum.

Markmið Björns er að draga úr líkum á verulegu tapi hjá lífeyrissjóðnum án þess að draga úr ávöxtun eigna. Þetta markmið stuðlar jafnframt að jafnvægi milli kynslóða sjóðfélaga og tryggir stöðugleika í réttindum þeirra eins vel og kostur er.